



Borgarráð

**Haftengd upplifun og útivist í Reykjavík - skýrsla starfshóps - næstu skref**


Meðfylgjandi greining, hugmyndir og tillögur um haftenda upplifun og útivist í Reykjavík draga fram að fjölmörg sóknarfæri eru fyrir hendi fyrir haftengda upplifun sem hafa það að markmiði að auka lífsgæði borgarbúa og stuðla að bættri lýðheilsu.

Lagt er til að borgarráð samþykki að farið verði í frekari undirbúningsvinnu við gerð haftengdrar upplifunar og útvistar í Reykjavík í samræmi við meðfylgjandi greiningu og skýrslu starfshóps um haftengda upplifun og útivist í Reykjavík dagsett í júní sl.

Skýrslan og meðfylgjandi minnisblað verði sent til umfjöllunar Menningar- og íþróttaráðs og Umhverfis- og skipulagsráðs sem taki tillögur að aðgerðum á þeim ellefu svæðum sem starfshópurinn fjallar um til umfjöllunar, meti hugmyndirnar og forgangsraði þeim með áherslu á aðgerðir sem ná til margra með sem lægstum tilkostnaði. Þá er lagt til að aðgerðaráætlun verði vísað til undirbúnings fjárfestingaráætlunar fyrir árið 2024 og til næstu tíu ára og gerðar fjárhagsáætlunar á viðkomandi sviðum. Skýrslunni ásamt minnisblaði um hafnarsvæði verði einnig sent til umfjöllunar stjórnar Faxaflóahafna og verði borgarstjóra falið að fylgja málinu eftir og þeim hugmyndum sem þar koma fram.

Greinargerð:

Starfshópi um haftengda upplifun og útivist í Reykjavík var falið að skilgreina tækifæri borgarinnar til aukinnar uppbyggingar á haftengdri upplifun og útivist við strandlengjuna í Reykjavík. Verkefnið fólst í að greina og kortleggja svæði sem henta fyrir ýmiss konar haftengda upplifun, hvort sem um er að ræða gufuböð, heit böð, sjósund, sjósport eða annars konar upplifun við hafið og strandlengju Reykjavíkur. Starfshópurinn hefur nú gefið út skýrslu, dags. júní sl. þar sem lögð eru til 11 svæði fyrir haftengda upplifun og útivist í Reykjavík eftir viðamikild samtali við hagaðila bæði innan og utan borgarkerfisins. Svæðin eru nánar tiltekið: Nauthólsvík, Nýi Skerjafjörður, Ægisíða, Laugarnes, Bryggjuhverfi vestur, bryggjuhverfi við Grafarvog, Viðey, Gufunes, Gorvík og Blikastaðakró ásamt Kjalarnesi. Hugað verði sérstaklega að aðgengismálum við vinnuna. Auk þess fylgir sérstakt minnisblað um sóknarfæri og möguleika á hafnarsvæðum.




Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Skýrsla starfshóps um haftengda upplifun og útivist í Reykjavík, dags. júní 2023.

Minnisblað starfshóps um haftengda upplifun og útivist við hafnarsvæði Faxaflóahafna, dags. maí 2023.





2023

# Haftengd upplifun og útivist í Reykjavík

---

Skýrsla starfshóps



Reykjavík





## Starfshópur

Rebekka Guðmundsdóttir formaður - USK

Hilmar Hildar Magnússon - SBB

Borghildur Sölvey Sturludóttir - USK

Steinþór Einarsson - ÍTR

Harpa Þorsteinsdóttir - SBB

Guðrún Birna Sigmarsdóttir - USK

## Aðrir sem komu að vinnu starfshóps

Drífa Magnúsdóttir - ÍTR

Sólveig Valgeirsdóttir - ÍTR

Olga Guðrún B. Sigfúsdóttir - USK

Inga Rún Sigurðardóttir - USK

## Ábyrgðamaður

Borgarstjórinn í Reykjavík, Dagur B. Eggertsson

## Reykjavíkurborg

Júní 2023

Allar myndir eru eign Reykjavíkurborgar nema annað sé tekið fram.





# Formáli

Um aldamótin hreinsaði Reykjavík strendur sínar með nýju fráveitukerfi og opnaði sjósunds- og strandstaðinn Nauthólsvík. Í kjölfarið hafa borgarbúar kynnst sjónum upp á nýtt, sjósund og sjóböð og margs konar sjó- og vatnasport hafa vaxið gríðarlega í vinsældum. Fjöldmörg sóknarfæri eru þó ennþá fyrir hendi. Stefnumótun um haf-tengda upplifun hefur að markmiði að auka lífsgæði borgarbúa með því að kynna og þróa fjölbreyttar leiðir til að nýta og njóta strandarinnar og hafsins, og gera sjóinn og ströndina aðgengilegri fyrir alla. Með hverju verkefni og hverju skrefi sem hér er lagt til verður Reykjavík betri borg, meiri útivistar- og náttúruborg, meiri heilsuborg og meiri lífsgæðaborg. Borgin sem ég vil búa í!

Með fyrirfram þökk



# Efnisyfirlit

Formáli .....	3
Efnisyfirlit .....	4
Forsendur .....	5
Inngangur.....	6
Aðgengi fyrir alla.....	7
Lýðheilsa .....	8
Samráð .....	9
Verkferill.....	10
Svæðin .....	11
NAUTHÓLSVÍK.....	13
NÝI SKERJAFJÖRÐUR.....	14
ÆGISÍÐA .....	15
LAUGARNES.....	16
BRYGGJUVERFI VESTUR .....	17
BRYGGJUVERFI VIÐ GRAFARVOG.....	18
VIÐEY .....	20
GUFUNES .....	21
GORVÍK OG BLIKASTAÐAKRÓ .....	22
KJALARNES .....	23






# Forsendur

Starfshópi þessa verkefnis var falið að skilgreina tækifæri borgarinnar til aukinnar uppbyggingar á haftengdri upplifun og útivist við strandlengjuna í Reykjavík, meðal annars í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur, Græna planið, Meirihlutasáttmála 2022-2026 og Lýðheilsustefnu Reykjavíkur. Verkefnið fólst í að greina og kortleggja svæði sem henta fyrir ýmiss konar haftengda upplifun, hvort sem um er að ræða gufuböð, heit böð, sjósund, sjó-sport eða annars konar upplifun við hafid og strandlengju Reykjavíkur. Starfshópnum var einnig falið að skoða sérstaklega ólík rekstrarform, kortleggja hvort tilraunaverkefni ætti við í einhverjum tilfellum og leggja mat á gæði eftir staðsetningum. Starfshópur myndi mögulega leggja fram tímalínu framkvæmda einstakra verkefna.

## Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Í aðalskipulagi eru strandsvæði sérstaklega skilgreind sem svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð haldið í lágmarki. Ákveðin strandsvæði eru sérstaklega tilgreind í aðalskipulagi og eru það Grafarvogur, Blika-staðakró, Geldinganes, Gufunes, Nauthólsvík og Skildinganes/ Skerjafjörður. Markmið aðalskipulags um þessi svæði eru sérstaklega tilgreind í hverjum kafla fyrir sig.





# Inngangur

Í Reykjavík er umhverfi til að auka jöfnuð og hamingju þannig að allir borgarbúar fái tækifæri til að búa við góða heilsu og góð lífsgæði. Strandlengja Reykjavíkur er dýrmæt eign okkar allra, hafið og náttúran sem umlykur borgina er forgarður okkar, okkar eigin borgargarður, bætt aðgengi og aðstaða getur haft í för með sér aukin tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar sem skila sér í bættri lýðheilsu með betri líkamlegri, andlegri og félagslegri heilsu. Strandlengjan okkar er einnig mikilvæg kennslustofa borgarbúa. Hefð er fyrir ýmsum fræðsluferðum á bæði óraskaðar og raskaðar strendur þar sem ungir sem aldnir geta kynnst meðal annars sögu, líffræði og náttúrufræði.

Strandlengjan hefur upp á að bjóða mikilvægt afþreyingartækifæri en helmingur íbúa Reykjavíkur býr í minna en eins kílómetra göngufjarlægð frá strandlengjunni. Hún bindur einnig saman nágrannasveitarfélög Reykjavíkur, sem liggja við hafið svo samræming haftengdrar starfsemi er afar

mikilvæg. Vel starfshæf og örugg umgjörð um gott félagslegt líf við strandlengjuna hvort sem hún er náttúruleg eða manngerð eru mannréttindi sem við þurfum að hlúa að. Með góðu jafnvægi borgarlífsins og með allri mögulegri afþreyingu, starfsemi, verslun, þjónustu og athöfnum, bæði valfrjálsum og nauðsynlegum, getum við skapað lifandi og sjálfbært umhverfi í sátt við náttúruna og umfram allt í mikilli nánd við hana.

Strandlengjan er jafn ólík og notendur hennar. Það að skapa jöfn tækifæri og aðstöðu og auka notkunarmöguleika ásamt því að halda utan um þarfir og óskir notenda mun auka líf og lífsgæði. Aðgengi að strandlengjunni er einnig mikilvægt. Allir óháð getu eiga að geta notið hennar og því er mikilvægt að skapa gott aðgengi og aðstöðu fyrir alla. Aðgengi snýst líka um gott almenningssamgöngukerfi til og frá strandlengjunni.





# Aðgengi fyrir alla

Samkvæmt drögum að aðgengisstefnu Reykjavíkurborgar 2022-2026 er aðgengi eitt af lykilhugtökum þegar kemur að réttindum fatlaðs fólks. Aðgengisstefnan er heildstæð stefna um aðgengismál í víðum skilningi. Hún byggir á hugmyndafræði um algilda hönnun, bæði hvað varðar aðgengi að byggingum og borgarrýmum auk aðgengis að upplýsingum, þjónustu og stuðningi. Annað af tveimur leiðarljósum stefnunnar er að íbúar upplifi öryggi og þægilegt aðgengi í mannvirkjum og innan borgarlands og að umhverfi og þjónusta geri ráð fyrir fjölbreyttri færni og ólíkum einstaklingum. Meginregla í allri þjónustu og umhverfi borgarinnar er ein leið fyrir öll.

Í einu af meginmarkmiðum stefnunnar segir að skipulag borgarlands eigi að styðja við fjölbreyttar þarfir og að allir íbúar komist leiðar sinnar óháð samgöngumáta. Fatlað fólk á Íslandi er fjölmennur og fjölbreyttur hópur. Fjöldi fólks býr við skerðingu,

sem hamlar þeim verulega vegna skorts á aðgengi af ýmsu tagi. Þess vegna þarf að huga sérstaklega að aðgengismálum útivistarsvæða í Reykjavík þannig að fatlað fólk geti notið almennrar þátttöku í samfélaginu til jafns við ófatlað fólk. Við greiningu svæða í þessari skýrslu voru aðgengismál sérstaklega skoðuð. Náttúra og umhverfi strandlengjunnar er afar fjölbreytt, óraskaðar vogskornar strendur, manngerð strandsvæði og landfyllingar, hafnarbakkar- og garðar, gangstígar og önnur dvalarsvæði skapa fjölbreytileika umhverfisins. Í mörgum tilfellum er veruleg þörf á umbótum sem varða aðgengi allra og verður það tilgreint fyrir öll svæði sem partur af tækifærum til bættis aðgengis til haftengdrar upplifunar og útivistar.



# Lýðheilsa



Kostir grænna svæða eru vel skjalfestir og hefur verið sýnt fram á að aðgengi að grænum svæðum bæti velferð fólks. Líka er vaxandi umræða um kosti þess að hafa aðgengi að vatni, eða bláum svæðum, nálægð við hafið, ár, fossa eða stöðuvötn. Talið er að fólk sé líklegra til að upplifa streitu, kvíða og geðræna kvilla á svæðum með meiri íbúaþéttleika. Aðgengi að strönd eða að búa í nálægð við vatn hefur aftur á móti jákvæð áhrif á líkamlega og andlega heilsu og stuðlar að bættri hamingju og vellíðan.

Rannsóknir benda til þess að aðgengi að strandlengju ýti verulega undir hreyfingu. Í Evrópu er í auknum mæli verið að viðurkenna blá svæði sem aðlaðandi eiginleika borga með tilliti til ferðapjónustu, afþreyingu og heilbrigðs lífstíls fyrir almenn- ing. Greiningar á möguleikum til upplifana og úti-

vistar á strandlengjunni í Reykjavík gæti verið gagn- leg þegar horft er til heimsmarkmiðanna, þá sér- staklega markmiða númer þrjú (heilsa og vellíðan), númer sex (hreint vatn og hreinlætisaðstaða) og númer ellefu (sjálfbærar borgir og samfélög).

Aðgengi að náttúru með mikið afþreyingargildi, hvort sem er á grænum eða bláum svæðum, styður við jákvæða upplifun þeirra hverfa sem liggja upp að strandlengjunni. Stuðlað er að bættri lýðheilsu með því að hámarka aðgengi að strandlengjunni fyrir gangandi vegfarendur út frá lýðheilsugátlistum í hverfisskipulagi þar sem hugað er að þörfum allra.





## Samráð

Eitt af markmiðum Græna plansins í mannréttinda- og lýðræðismálum er inngilding og að íbúar hafi tækifæri til þess að vinna með borginni að bættum lífsgæðum í umhverfi sínu. Reykjavíkurborg hvetur til lýðræðislegrar þátttöku íbúa og styður við fjölbreyttar leiðir þeirra til að hafa áhrif á nærsamfélagið sitt, ákvarðanatöku og stjórnun sveitarfélagsins.

Við vinnu starfshóps að þessu verkefni var haft víðtækt samráð við ýmsa hagaðila og var eftir fremsta megni reynt að ná á fjölbreyttan hóp fólks. Óskað var eftir umsögnum íbúaráða Reykjavíkur um tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar og bárust umsagnir frá íbúaráði Laugardals, Miðborgar og

Hlíða, Kjalarness, Grafarvogs, Breiðholts og Vesturbæjar. Starfshópurinn fundaði með þrettán hagaðilum. Einhver svöruðu ekki boði um samtali.

Að mati starfshópsins var samráðið gríðarlega mikilvægt og varpaði ljósi á ýmsar áskoranir við aðgengi að strandlengjunni. Einnig leiddi það til þess að umræða skapaðist meðal annars um möguleg aukin tækifæri og úrbætur. Byggði hópurinn greiningar á tækifærum á svæðunum á ýmsum ábendingum frá þeim sem áttu samtali við starfshóp eða þeim sem sendu inn hugmyndir að tækifærum til haftengdrar upplifunar og útivistar við strandlengju Reykjavíkur.

# Verkferill



Verkefnið fólst í reglulegum stöðu-, vinnu- og samráðsfundum starfshóps frá september 2022 til febrúar 2023. Viðamikil samtál og samráð átti sér stað við hagaðila bæði innan og utan borgarkerfisins og voru þarfir, óskir, vonir og væntingar hagaðila skoðaðar og eftir fremsta megni innleiddar. Kaflar hvers svæðis fyrir sig voru sendir í rýni til viðkomandi hagaðila þar sem þeim var boðið að lesa yfir, koma með athugasemdir eða viðbætur.

Starfshópur vann einnig umhverfisgreiningar og kortlagði áhugaverð svæði þar sem vettvangsferðir spiluðu stórt hlutverk. Með umhverfisgreiningum og vettvangsferðum gat starfshópur lagt mat á gæði mismunandi svæða með aðstoð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Heilbrigðiseftirlitið framkvæmdi gerlarrannsóknir á fyrirfram ákveðnum svæðum þar sem

tækifæri voru til að stunda útivist í hafinu. Skoðaður var möguleiki á fljótandi almenningsgufubaði en áhugi hefur aukist á haftengdri starfsemi sem þessari undanfarin ár samhliða sjóböðum, bæði á Íslandi og um allan heim.

Starfshópur kynnti sér ýmis samtök á Norðurlöndum, sem reka fljótandi gufuböð, meðal annars „Badstuforeningen“ í Osló og „Saltsjöbad“ í Svíþjóð. Rekstraráætlun um rekstur óhagnaðardrífins fljótandi gufubaðs var unnin meðfram gerð skýrslunnar.





# Svæðin

Samkvæmt greiningum, rannsóknum Heilbrigðis-  
eftirlitsins og samtali við mikilvæga hagaðila eru  
eftirfarandi staðsetningar taldar bjóða upp á aukin  
tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar  
fyrir almenning í Reykjavík. Með áframhaldandi  
skipulagsbreytingum og uppbyggingu í Reykja-  
vík munu önnur áhugaverð svæði líta dagsins ljós  
og eru einhver af þessum framtíðarsvæðum tekin  
fyrir hér í skýrslunni. Mjög mikilvægt er að hvers  
konar aðstaða, upplifun og útivist verði partur af  
deiliskipulögum þessara svæða til að mynda órjúf-  
anlegan part á milli haftengdrar útivistar, upplifana  
og uppbyggingar.

Fyrir hvert svæði fyrir sig eru umhverfisþættir skoð-  
aðir, núverandi notkun, gerlarannsóknir þar sem  
við á, framtíðarskipulag nærumhverfis og tækifæri  
metin út frá því. Óskir, vonir og væntingar hag-  
aðila voru skoðaðar og þær metnar og innleiddar  
að stórum hluta. Einnig var litið til kosta og galla  
hvers svæðis og rýnt í aðgengismál. Með því að  
fara í nokkuð góða greiningu á svæðunum eigum  
við góðan grunn að hönnunarleiðbeiningum fyrir  
framkvæmd hvers svæðis fyrir sig, sem getur nýst

við uppbyggingu svæðanna til að aðstaða og bætt  
aðgengi falli vel að náttúrunni, staðhættum og  
ásýnd svæðanna. Með greiningu á umhverfisþáttum  
er átt við til dæmis náttúru- og gróðurfar, útsýni,  
aðgengi og aðliggjandi umhverfi/byggð.

Svæði Faxaflóahafna var ekki tekið fyrir í skýrsl-  
unni að þessu sinni í samráði við Faxaflóahafnir  
sf. Faxaflóahafnir vinna nú að þróunaráætlun fyrir  
höfnina og tengd hafnarsvæði ásamt mótun fram-  
tíðar Gömlu hafnarinnar í Reykjavík. Í þróunar-  
áætlun þeirra er sett fram stefna, framtíðarsýn og  
áherslur sem varða leiðina fram á við og styðja við  
ákvarðanir og uppbyggingu. Starfshópur hefur þó  
með vinnu sinni að greiningum á tækifærum haft  
hafnarsvæðið í huga enda er mikilvægt að horfa  
á alla strandlengju Reykjavíkur sem eina heild.  
Starfshópur vonast eftir góðu framtíðarsamstarfi  
um haftengda upplifun og útivist, þar sem samráð  
borgar og hafnar er mikilvægt til að tengja saman  
núverandi byggð og framtíðar uppbyggingu við hafið  
á þessu svæði.



# SVÆÐIN

1. Nauthólsvík
2. Nýi Skerjafjörður
3. Ægisíða
4. Laugarnes
5. Bryggjuhverfi vestur
6. Bryggjuhverfi við Grafarvog
7. Gufunes
8. Eiðsvík
9. Gorvík og Blikastaðakró
10. Víðey
11. Kjalarnes







# NAUTHÓLSVÍK

## Svæðið

Fjölbreytt útivistarsvæði fyrir almenning, ylströnd og ýmis haftengd starfsemi, sem var tekið í notkun árið 2000. Paradís í borgarlandi sem laðar að jafnt innlenda sem erlenda gesti.

## Umhverfispættir

Voldugir sjóvarnargarðar loka af fallett lón þar sem kaldur sjór og heitt vatn renna saman í eitt. Inn fyrir garðana hefur verið dælt gullnum skeljasandi og minna þessar aðstæður meira á strendurnar við sægrænt Miðjarðarhafið en vík í nyrstu höfuðborg heims við Norður-Atlantshafið.

Markmiðið var að gera Nauthólsvík að fjölbreyttu útivistarsvæði með áherslu á útiveru, sólböð, sjóböð og siglingar. Ylströndin hefur frá árinu 2003 verið með Bláfánann, sem er alþjóðleg umhverfisstöð veitt smábátahöfnum, baðströndum og þjónustuaðilum í sjávarferðamennsku fyrir árangursríkt starf að umhverfismálum. Á Ylströndinni er náttúrulegt sjávarlón, ásamt heitum potti við lónið en Ylströndin flokkast sem náttúruleg samkvæmt reglugerð 814/2010. Eftir að skólpútrásur í fjörinni var lokað í Reykjavík upp úr 1998, var unnt að opna baðströndina í Nauthólsvík. Afgangur hitaveituvatn rennur í setlaug og strandlón sem hækkar hitastigið og gerir sjóinn að betri baðstað.

## Núverandi notkun

Á Ylströndinni er að finna þjónustumiðstöð með búnings- og sturtuadstöðu fyrir baðgesti auk veitingasölu og grillaðstöðu. Fyrir framan þjónustumiðstöðina er löng setlaug sem er um 38°C heit. Í flæðarmáli strandarinnar er uppstreymispottur til hitunar á lóninu sem jafnframt er íverustaður. Einnig er að finna eimbað á Ylströndinni. Góð aðsókn hefur verið að Ylströndinni og koma að meðaltali hátt í 530.000 gestir á hverju ári á ströndina. Það er því óhætt að segja að ströndin hafi fest sig í sessi sem spennandi íverustaður, hvort sem er fyrir fólk sem vill flatmaga á gylltri strönd á sólskinsdögum eða eldhugana sem víla ekki fyrir sér að baða sig í sjónum á hvaða árstíma sem er. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er megin stefna fyrir skipulag svæðisins að styðja

við og styrkja núverandi nýtingu svæðisins sem sjóbaðs-, útivistar- og siglingaaðstöðu. Í Siglunesi hafa verið haldin siglingarnámskeið fyrir börn og unginga á sumrin og þar hefur einnig verið rekinn vatnasportsklúbbur yfir sumarið. Þar er geymsluaðstaða fyrir báta og annan búnað sem tengist siglingum, búningsaðstaða og fiskikar sem notað er sem heitur pottur. Kennsluaðstaða og aðstaða til að snæða nesti er í Siglunesi en mikil þörf er á endurnýjun á húsnæðinu.

## Kostir

Fallett og vel skipulagt umhverfi með góðri aðstöðu. Góðar samgöngur fyrir virka ferðamáta með göngu- og hjólastígum.

## Gallar

Almenningssamgöngur til og frá Nauthólsvík eru slakar. Fá bílastæði laus á opnunartíma Háskólans í Reykjavík. Ný brú frá Kársnesi skerðir verulega aðgengi og aðstöðu siglingaklúbba í Nauthólsvík.

## Tækifæri

Hönnun er í gangi á útiklefum, sérklefa, nýjum heitum potti, ásamt bættu aðgengi fyrir alla. Einnig er verið að hanna betra aðgengi að sjónum frá grjóttgarðinum með bryggjuvið á tanganum. Hér er þó mikilvægt tækifæri að bæta samgöngur að Nauthólsvík svo fleiri geti notið þessarar útivistarparadísar.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er megin stefna fyrir skipulag svæðisins að halda, styðja við og styrkja núverandi nýtingu svæðisins sem sjóbaðs-, útivistar- og siglingaraðstöðu.

- » Bæta almenningssamgöngur að og frá Nauthólsvík
- » Auka opnunartíma allrar aðstöðu
- » Almenningsgufubað utandyra





Sviðsmynd af hafnarstíg við Nýja Skerjafjörð úr rammaskipulagi.

# NÝI SKERJAFJÖRÐUR

## Svæðið

Fjörður í Faxaflóa sunnan við Kollafjörð og norðan við Hafnarfjörð. Á svæðinu er áætluð framtíðar uppbygging nýrrar íbúabygðar við núverandi byggð Skerjafjarðar. Til suðurs afmarkast svæðið af strandlínu Fossvogs eða landfyllingar sem gert er ráð fyrir í Aðalskipulagi Reykjavíkur.

## Umhverfispættir

Náttúruleg en nokkuð röskuð strönd lengja eftir áratuga starfsemi olfubirgðastöðvar. Á svæðinu er víðsýnt og fallegt útsýni, náttúrulegur gróður og góður stofnstígur göngu og hjóleiða, sem tengir svæðið við Nauthólsvíkina og í framtíðinni við Kópavog og aðliggjandi byggð með tilkomu Fossvogsbrúar. Samkvæmt rammaskipulagi svæðisins verður á strandsvæði landfyllingar líkt eftir náttúrulegri strönd með því að mynda fjöru með grjóti. Strandir austan- og vestanvert við svæðið alla leið að Gróttu eru hverfisverndaðar og eru óraskaðar.

## Kostir

Einstök náttúra og útsýni. Sólríkt suðursvæði.

## Gallar

Hæg þróun svæðis.

## Tækifæri

Þrátt fyrir að núverandi strönd verði fyrir óafturkrafinni umhverfislegri röskun með landfyllingu er það mat starfshóps að verulega aukin tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar verði til á svæðinu. Í rammaskipulagi er gert ráð fyrir að byggðin geti skapað mjög gott útivistarsvæði við hafið meðal annars með leiksvæði,

smábátahöfn og útsýnis- og áningarstað. Samkvæmt Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur eru aðstaður til sjósóknar eða sjóbaðsnotkunar ekki heppilegar við Nýja Skerjafjörð vegna nálægðar við skólphreinsistöð. Starfshópur metur þó vegna mikilvægi haftengdrar upplifunar og útivistar við suðurströnd Reykjavíkur að gera þurfi viðeigandi ráðstafanir svo þarna verði hægt að skapa aðstaður sem geti bætt lýðheilsu.

Mikilvægt er að við deiliskipulag seinni áfanga Nýja Skerjafjarðar séu framtíðarmöguleikar til haftengdrar upplifunar og útivistar við strönd lengjuna innleiddir. Einnig er mikilvægt að svæðið verði skipulagt sem gott almennings- og útivistarsvæði fyrir fjölbreyttan hóp fólks ásamt því að bjóða upp á rekstrartækifæri fyrir minni atvinnurekstur, sem geti styrkt svæðið.

- » Smábátahöfn og aðstaða fyrir siglingaklúbba
- » Almenningsgufubað
- » Leiksvæði
- » Dvalarsvæði og áningarstaðir
- » Aðstaða fyrir veitingarekstur eða annan minni rekstur
- » Aðstaða fyrir rekstur haftengdrar upplifunar
- » Aðgengi allra





# ÆGISÍÐA

## Svæðið

Náttúruleg strandlengja og útivistarsvæði til suðvesturs sem liggur frá enda flugbrautar við Suðurgötu að Nesveg við Sörlaskjól. Svæðið hefur að geyma margar fornleifar, minjar og örnefni sem falla undir hverfisvernd í aðalskipulagi.

## Umhverfisþættir

Útivistarsvæðið liggur meðfram nokkuð þéttri íbúa- byggð í Skjólum og Hagahverfi. Meðfram strandlengjunni liggur góður útivistarstígur fyrir göngu- og hjóleiðar en næst strandlengjunni er slóði. Við svæðið standa gömlu grásleppuskúrarnir. Vegna fyrrum bátaaðkomu á svæðinu er aðgengi að sjónum fremur gott og er nú verið að undirbúa búningsaðstöðu fyrir sjóböð við grásleppuskúrana. Vegna minja og annarra þátta er svæðið þó svólítið óskipulagt. Þar er meðal annars fótboltavöllur, svæði fyrir brennu, mismunandi dvalarsvæði og útilistaverk.

## Núverandi notkun

Útivistarstígur skapar mikilvæga tengingu í Reykjavík og er mikið notaður. Í dag er einnig sjóbað mikið stundað á svæðinu og hefur ákall íbúa um frekari uppbyggingu tengt sjóbaði við Ægisíðuna komið upp í gegnum lýðræðisverkefnið Hverfið mitt. Nálægð við skólphreinsistöð hefur þó haft áhrif á þá uppbyggingu á svæðinu. Verið er að gera upp grásleppuskúrana á svæðinu, framtíðarnotkun þeirra er óljós en næst skúrunum er annar skúr fyrir búningsaðstöðu í byggingu eins og kom fram hér ofar.

## Kostir

Nálægð við nokkuð þétta íbúabyggð og gott aðgengi í hafið. Mikið rými til að bæta allan aðbúnað ásamt því að skapa aðstöðu fyrir minni rekstur tengdum haftengdri upplifun.

## Gallar

Ekkert stefnumótandi skipulag til fyrir svæðið.

## Tækifæri

Á svæðinu eru töluverð tækifæri til uppbyggingar og þá sérstaklega tengd sjóbaði og almennri útivist og aðgengi. Þó er mikilvægt að vanda vel til verka þar sem hverfisvernduð náttúruleg strandlengja er eitthvað sem þarf verulega að gæta að. Á svæðinu er mikil þörf á að skapa heildrænt deiliskipulag fyrir svæðið svo verndun, ásjúnd og notkun svæðisins tali saman.

- » Deiliskipuleggja svæðið
- » Bæta enn frekar aðstöðu fyrir sjóböð og skilgreina svæði sem náttúrulegt baðsvæði
- » Skapa menningarminjagönguleið meðfram allri ströndinni
- » Styrkja aðkomu hjólandi vegfarenda með hjólastæðum
- » Skapa svæði fyrir rekstrartækifæri eins og matvagn og fargufu





Sviðsmynd af mögulegu hugleiðsluhúsi á Laugarnestanga.

# LAUGARNES

## Svæðið

Náttúrulegt og hverfisverndað útivistarsvæði við norðurströnd Reykjavíkur á milli Sæbrautar og Skarfabakka.

## Umhverfisþættir

Fjölbreytt og víðsýnt útsýni yfir sundin og ósnortin fjara. Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er fjaran og fjörukamburinn síðustu leifar hinnar náttúrulegu strandlengju á norðurströnd Seltjarnarness hins forna. Sjaldgæfar plöntutegundir eru á svæðinu og einkennist gróður af þurrlendi, einkum graslendi, bæði ræktuðu og óræktuðu. Fuglalíf er mikið við nesið. Þrátt fyrir nálægð útivistarsvæðis við stofnbraut, iðnað og höfn myndast þó ákveðin ró á svæðinu svo hér er hægt að mynda órjúfanleg tengsl við ósnortna náttúruna og hafið.

## Núverandi notkun

Svæðið er nokkuð vinsælt útivistarsvæði með góðu stígakerfi sem liggur meðfram strandlengjunni og liggur stígur upp að öðru dvalarsvæðinu á einum Laugarnestanganum. Einnig er nokkuð um minjar, örnefni og listaverk í nánasta umhverfi. Meðfram stígakerfi eru þrjú dvalarsvæði með setaðstöðu ásamt því að sögulegar upplýsingar eru á svæðinu.

## Kostir

Gott samnýtanlegt bílastæði, ágætt stígakerfi, einstök náttúra og rólegt svæði með einstöku útsýni til fjalla.

## Gallar

Möguleg friðlýsing sem getur haft áhrif á uppbyggingu haftengdrar upplifunar og útivistar á svæðinu.

## Tækifæri

Á Laugarnesi eru mikil tækifæri til þess að skilgreina framtíðarsýn svæðisins heildstætt. Þarna er einstakt tækifæri til þess að fanga hugarró í ósnortinni náttúru. Tangarnir eru nokkuð afskekktir bæði frá hvor öðrum og frá núverandi byggð og gatnakerfi, þó svo að öðrum þeirra liggja útivistarstígur. Engin lýsing er á svæðinu sem gerir staðsetninguna enn ákjósanlegri fyrir uppbyggingu sem stuðlar að hugarró og frelsi. Lagt er til að fyrsta svæðið eða tanginn verði hugsaður með það markmiði að bæta andrými/viðverusvæði með bekkjum og annar tanginn verði sérstaklega hugsaður fyrir hugleiðslusvæði eða svæði fyrir andlega endurheimt.

- » Skilgreina framtíðarsýn
- » Aðstaða fyrir andlega endurheimt eins og hugleiðsluhús
- » Bætt stígakerfi og merkingar
- » Bætt dvalarsvæði





Deiliskipulag Bryggjuhverfis vestur.

# BRYGGJUHVVERFI VESTUR

## Svæðið

Svæðið stendur við mynni Grafarvogs og austan við Elliðaár. Bryggjuhverfi vestur er hluti af rammaskipulags-svæði Ártúnshöfða og Elliðaársvogs þar sem gert er ráð fyrir mikilli uppbyggingu íbúða og þjónustu.

## Umhverfispættir

Svæðið er framtíðar landfylling norðan við Ártúnshöfða en hluti fyllingarinnar er nú þegar til staðar og er uppbygging hafin á jaðri svæðisins. Bryggjuhverfi vestur tengist eldra Bryggjuhverfi austan við svæðið. Vestan við Bryggjuhverfi vestur er svo gert ráð fyrir frekari landfyllingu. Í dag er þarna fremur flöt landfylling sem rís hæst í um átta metra hæð yfir sjávarmáli. Landslag á þessu svæði hefur tekið verulegum breytingum af mannavöldum undanfarin 50 ár og hafa landfyllingar bæði breytt notkun, ásýnd og náttúru- og dýralífi.

## Tækifæri


Bryggjuhverfi vestur býður upp á einstaka möguleika fyrir haftengda upplifun og útivist og er mikilvægt að deiliskipulag geri ráð fyrir auknum útivistarmöguleikum. Með þessum breytingum í formi landfyllinga hefur allt svæðið misst mikilvæg tengsl við hafið og því er afar mikilvægt að framtíðar viðbótarlandfyllingar fyrir íbúabyggð myndi gott mannlífs-, útivistar- og dvalarsvæði fyrir fjölbreytta upplifun. Mikilvægt er að horfa til annarra norræna borga og bæja sem hafa byggt upp vel heppnuð haftengd mannlífssvæði eins og Helsinki, Kaupmannahöfn, Osló, Malmö, Lomma og Helsingborg svo eitthvað sé nefnt. Samkvæmt núverandi

deiliskipulagi skal móta strandlengju til norðurs á þann hátt að hún líki eftir náttúrulegri strönd með því að auka yfirborð fjöruborðs. Milli strandar og byggðar er gert ráð fyrir útivistarstíg sem tengist aðliggjandi stígakerfi. Lífríki strandarinnar verði þema almenningsrýma. Í tengslum við skipulag byggðarinnar eru einnig mikil tækifæri að koma fyrir sjávarsundlaug eða sundlaug sem tengist hafinu á áhugaverðan hátt. Við sjávarsundlaug er mikilvægt að innan skipulags sé gert ráð fyrir þjónustu í byggingum á jarðhæðum til að skapa enn sterkari grundvöll fyrir efnahagslegri sjálfbærni tengdri haftengdri upplifun. Á svæðinu er einnig tækifæri til að bjóða upp á fljótandi íbúabyggð sem myndi auka verulega íbúðakosti á svæðinu og tengja framtíðar íbúa enn betur við hafið.

Hér eru ekki tilgreindir kostir né gallar þar sem svæðið er raskað og enn óbyggt.

- » Dvalarsvæði og áningarstaðir
- » Gönguleið meðfram hafinu
- » Útveitingasvæði og svæði fyrir veitingarekstur og aðra þjónustu
- » Sjávarsundlaug
- » Leiksvæði
- » Flotbyggð





# BRYGGJUHVVERFI VIÐ GRAFARVOG

## Svæðið

Íbúabyggð við hafnarbakka á norðurströnd Reykjavíkur í mynni Grafarvogs.

## Umhverfisþættir

Fallegt útsýni að hafi og yfir aðliggjandi byggð og náttúru sem myndar grænan ramma utan um hafnarbakkann og íbúabyggðina. Græn ásýnd mýkir annars manngert umhverfið. Svæðið er skjólgott og með ágætis tengingar á milli aðliggjandi byggðar norðan við Bryggjuhverfi. Aðgengi á svæðinu er gott, torg tengir hafnarbakkana til vesturs og austurs saman með opnu rými, sem býður uppá mikla möguleika til endurnýjunar og fegrunar; endurhönnunar yfirborðs, aukinna dvalarsvæða, svæðis fyrir gróður og bættrar lýsingahönnunar.

## Núverandi notkun

Íbúabyggð, almenningsrými og flotbryggja fyrir minni báta. Aðgengi margra íbúa að húseinum er frá hafnarbakkanum sem skapar ákveðið líf, einnig er siglingafólk við flotbryggju sem nýtir svæðið og hafið.

## Kostir

Fallegt og skjólríkt svæði með mikil tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar.

## Gallar

Akvegur yfir torg og meðfram byggingum vestanmegin sem skapar óöruggar aðstaður fyrir vegfarendur. Bílum lagt ólöglega við bryggjukant vestanmegin framan við húseinir.

## Tækifæri

Í Bryggjuhverfi eru tækifæri til að efla félagslega og efnahagslega sjálfbærni á svæðinu með auknum notkunarmöguleikum bæði við hafið og í hafinu. Með auknum

notkunarmöguleikum á svæðinu getur á sama tíma bæði þjónusta við torgið og notkun þess eflst en þó þarf að huga að endurhönnun, meðal annars á yfirborði til að skapa vistlegra umhverfi.

Vegna mildrar veðráttu, gerlarannsóknna Heilbrigðis-eftirlitsins og hagstæðra hafstrauma er kjörið að skapa þarna ýmsa aukna haftengda aðstöðu. Þar er meðal annars átt við gufuböð með aðgengi út í sjó, aðstöðu fyrir standbretti (SUP), kajak og annars konar sjósport en einnig er hér gott tækifæri til að færa hafið enn nær íbúum og öðrum gestum og skapa dvalarsvæði, til dæmis með pöllum niður fyrir sjóvarnagarð, sérstaklega við vestari bryggjukantinn.

Vestast í byggðinni er tangi sem hefur lengi nýst sem bílastæði en mikilvægt er að skapa þar gott dvalarsvæði og bæta aðstöðu fyrir uppsátur. Þess má geta að með þessari skýrslu liggur fyrir rekstraráætlun fljótandi almenningsgufubaðs í Bryggjuhverfi.

- » Flotgufur við austurbakkann
- » Bætt aðstaða sjósetninga og uppsáturs
- » Stærri flotbryggja
- » Dvalarsvæði á pöllum við vesturbakka
- » Aðstaða fyrir standbretti og kajak
- » Kajak flotbryggja
- » Vistvæn endurhönnun almenningsrýmis
- » Dvalarsvæði á tanga





Bryggjuhverfi og flotbryggja við hafnarbakann.

Fljótandi gufuböð í Osló.



Mynd/Oslo Badstuforeningen





# VIÐEY

## Svæðið

Stór eyja og mikilvægt útivistar- og menningarsvæði í Kollafirði rétt utan við Reykjavík.

## Umhverfispættir

Afar gróðursæl eyja um 1,7 ferkílómetrar að stærð sem rís hæst 32 metra yfir sjávarmál. Stórbrotnar bergmyndanir og mikil fegurð stuðlabergs í Virkishöfða og Eiðisbjargi. Eyjan skartar fjölbreyttu landslagi, þar er meðal annars að finna kletta, tanga, strandir, móa, flatir og tjarnir. Mikið fuglalíf er í Viðey og er æðarfuglinn algengastur, hann verpir við Þórsnes en þar er eyjan friðuð yfir varptímamann. Aðrar algengar fuglategundir eru fýll, grágæs, hrossagaukur, sendlingur og tjaldur. Á Heimaey standa einhverjar helstu og merkustu byggingar landsins, Viðeyjarkirkja og Viðeyjarstofa. Sagan drýpur af hverju strái í Viðey en eyjan er jafnframt náttúruperla og einstakt útivistarsvæði í eigu Reykvíkinga og öllum er velkomið að njóta kyrrðar og náttúru eyjarinnar.

## Núverandi notkun

Rekstur og starfsemi í Viðey er á höndum Borgarsögusafns Reykjavíkur, sem jafnframt sinnir eignum borgarinnar þar. Önnur starfsemi innan borgarinnar kemur einnig að málum meðal annars Listasafn Reykjavíkur og umhverfis- og skipulagssvið. Í Viðey er afþreying af margvíslegum toga og þar má helst nefna almenna útivistarstíga um alla eyjuna og minni áningarstaði. Borgarsögusafn stendur fyrir ýmsum viðburðum á eyjunni eins og sögugöngum, ýmsu starfi fyrir skólahópa, vinnustofum og fleira.

## Kostir

Einstök náttúruperla, sögu- og menningarstaður, græn og blá svæði með útsýni til allra átta. Margbrotin náttúra og rík tenging við hafið.

## Gallar

Aðgengi allra er verulega skert, bæði í Viðey ásamt aðgengi samgöngumáta. Takmarkaðir áningarstaðir.

## Tækifæri

Helstu tækifæri eru að styrkja innviði, sem eru nú þegar til staðar og bæta aðgengi allra. Það eru ýmis tækifæri, eins og í austurhluta eyjunnar, þar sem finna má vatns-tank frá tímum þorpsins á Sundabakka. Hann hefur síðustu ár verið notaður sem samkomuhús Viðeyinga-félagsins. Tækifæri eru til að bæta þá aðstöðu verulega og notkun alla, þar sem bæði er hægt að nýta það sem fyrir er og hreinsa til það sem er ekki í notkun. Dvalarsvæði eða sérstakir áningarstaðir eru fáir, það væri áhugavert að mynda fleiri með mismunandi þema svo sem fuglaskoðun, selaskoðun og plöntuskoðun.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 og Græna planinu er tengistígur fyrirhugaður á milli Gufuness og Viðeyjar, stígurinn er ekki skilgreindur nánar en tækifæri liggja í hafsvæði Viðeyjar þar sem stígurinn lendir, þá fyrir einhverskonar haftengda starfsemi til dæmis fyrir siglingaklúbba. Mikilvægt er þó að Viðey missi ekki sinn aðalinnangang sögu- og menningar og að einhvers konar aðgangsstýring verði höfð að leiðarljósi til verndunar svæðisins eins og að næturlagi.

- » Bæta aðgengi allra, sérstaklega skoða brekku frá bryggjunni
- » Bæta aðgengi allra í ferju
- » Uppbygging og lagfæring núverandi stígakerfis
- » Skapa mismunandi þema áningarstaða
- » Sjónauka fyrir selaskoðun
- » Hús fyrir fuglaskoðun





# GUFUNES

## Svæðið

Eldra iðnaðarhverfi, kvikmyndaiðnaður, listsköpun og frumkvöðlar og uppbygging mikillar íbúabyggðar í nánd við hafið og náttúruna.

## Umhverfisþættir

Stórbrotið útsýni yfir Viðey og Esjuna, náttúrulegar strandir og einstakt landslag með vogskornum klettum og áhugaverðu fuglalífi. Fallegar vogskornar strendur setja svip sinn á umhverfið, bæði svarta ströndin fyrir neðan uppbyggingu íbúabyggðar til austurs, hvíta ströndin fyrir neðan Gufunesveg til norðurs og svört ósnert strandlengjan meðfram Gufunesi frá norðri til vesturs.

## Núverandi notkun

Ný íbúabyggð, kvikmyndaiðnaður og skapandi greinar. Strandlengjan er í lítilli notkun almennings en í nálægð við gömlu Gufunesbryggjuna hefur Fúsk sem er 1200 fermetra listamiðstöð aðsetur, þar er skapandi umhverfi eða rannsóknarstofa fyrir tilraunapéttbýli þar sem frumkvæði blómstrar í kraftmiklu andrúmslofti. Á svæðinu er gufubað byggt úr gámastæðu, aðstaða fyrir ljósmynda-tökur, kvikmyndaverkefni, tónleika og sýningar. Austan við bryggjuna í nálægð við hvítu ströndina hefur fargufan aðstöðu innan lóðar í samráði við lóðarhafa á svæðinu.

## Kostir

Einstakt og mjög fjölbreytt umhverfi með fallegt útsýni yfir Esjuna og Viðey.

## Gallar

Harður og mengandi iðnaður, bæði núverandi og fyrrverandi sem hefur haft neikvæð áhrif á allt umhverfið. Ónýt og hættuleg bryggja.

## Tækifæri


Mjög mikil tækifæri eru í Gufunesi til margskonar haf-tengdrar upplifunar og útivistar en samhliða mikilli framtíðar uppbyggingu á svæðinu eru enn sterkari forsendur fyrir uppbyggingu strandsvæðisins. Samkvæmt Aðal-skipulagi Reykjavíkur 2040 er meginstefna fyrir skipulag

svæðisins að halda strandlengjunni óspilltri og að gera þurfi fjöruna aðgengilega ásamt því að setja upp fræðslu-skilti og áningarstaði þar sem við á. Einnig er gert ráð fyrir fjölbreyttri mannvirkjagerð og starfsemi sem styður við útivist á svæðinu samkvæmt ákvörðunum þar um í deiliskipulagi.

Samkvæmt vinnu við rammaskipulag Gufuness á vestari parti Gufuness eru uppi hugmyndir um mjög fjölbreytta nálgun útivistarsvæðis við strandlengjuna þar sem hönnun hennar ætti að gera ráð fyrir þremur megin-markmiðum; að hámarka gæði útsýnis á svæðinu, skapa kjöraðstaður fyrir mismunandi notendur og draga úr náttúruöflum eins og vindi og seltu, sem hefur neikvæð áhrif á gróður á svæðinu, en aðlögun að loftslagi er afar mikilvæg til að skapa ákjósanlegar aðstaður. Til að skapa þarna gott útivistarsvæði þarf að fara í töluverða hreinsun á strandlengjunni og uppbyggingu á stígakerfi allt frá Grafarvogi svo aðstaða þarna nýtist sem flestum. Framtíðaruppbygging á bryggju við hvítu ströndina getur haft töluverð áhrif á hvernig uppbygging getur átt sér stað í nálægð við bryggju. Mikilvægt er að skapa þarna fjölbreytta og góða aðstöðu fyrir meðal annars uppsátur siglingaklúbba, sjóböð, gufuböð, heitan pott og dvalarsvæði eða áningarstaði fyrir hvíld og leik.

- » Hreinsa svæði og strendur og byggja upp stígakerfi með lýsingu og götugögnum
- » Skapa aðstöðu fyrir kennslu og fræðslu
- » Bæta almennings-samgöngur til og frá Gufunesi
- » Bæta sjóvarnir við hvítu strönd
- » Aðstaða fyrir uppsátur siglingaklúbba
- » Aðstaða fyrir sjóböð, gufu og heitan pott
- » Auka áningarstaði og dvalarsvæði
- » Bæta verulega aðgengi almennings að öllu strandsvæðinu, líka við íbúabyggð





Sviðsmynd af mögulegu fuglaskoðunarhúsi í Górvík.

# GORVÍK OG BLIKASTAÐAKRÓ

## Svæðið

Hverfisverndað, náttúrulegt og ósnortið útivistarsvæði með svörtum vogskornum ströndum og töngum í Grafarvogi við Leirvog. Svæðið er í mikilli nálægð við golfvöll Korpúlfsstaða og stofnstíg göngu og hjóleiða.

## Umhverfisþættir

Fjölbreytt landslag, ósnortin náttúra og vogskornar skjólgóðar og lífríkar stendur með auðugu fuglalífi við grunnsvæði fjaranna. Leirurnar á svæðinu eru mikilvægar fæðustöðvar fugla. Á svæðinu er grunn vík með sand- og malarfjörum en á milli ganga klettaneftir í sjó fram. Náttúrulegur og jarðlægur gróður er umhverfis svæðið og eru klettarnir vaxnir mólendisgróðri og ríkulegum fléttu-gróðri. Umhverfi Górvíkur er fremur slétt með slóða frá bílastæði að strönd, innan við 200 metra gangur er frá bílastæði að strönd Górvíkur. Blikastaðakró er í nokkurri fjarlægð frá bílastæði en er í nálægð við stofnstíg göngu og hjóleiða.

## Núverandi notkun

Svæðið er gott útivistarsvæði með náttúrulegu aðgengi og í nálægð við stofnstíg.

## Kostir

Á svæðinu er ágætt bílastæði með tengingu við Górvík sem skapar gott aðgengi. Mikil tækifæri til náttúrunándar vegna fjarlægðar frá byggð í einstöku og friðsælu umhverfi.

## Tækifæri

Górvík og Blikastaðakró bjóða upp á mikil tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar en þó er mikilvægt sökum þess hvað svæðið er einstakt og í miklu næði að huga að tækifærum sem skerða hvorki náttúrulegt umhverfið né fjölbreytt fuglalífið. Tækifæri eru í því að skapa þarna rólega aðstöðu meðal annars til fuglaskoðunar, kennslu og uppbyggingar á aðgengi fyrir alla.

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er megin stefna fyrir skipulag svæðisins að halda strandlengjunni óspilltri. Einnig að gera fjöruna aðgengilega og setja upp fræðsluskilti og áningarstaði þar sem við á.

- » Bæta stíga að svæðinu
- » Skapa dvalarsvæði á tanga
- » Koma fyrir fuglaskoðunarhúsi
- » Bæta aðgengi fyrir alla
- » Skapa aðstöðu fyrir kennslu og fræðslu
- » Koma upp fræðsluskiltum





# KJALARNES

## Svæðið

Íbúabyggð og útivistarsvæði á nesi undir rótum Esjunnar.

## Umhverfisþættir

Vogskorið láglandi við rætur Esjunnar mynda skjólgóðar og víðáttumiklar strandir til suðurs. Malarstígur liggur meðfram byggð að hluta og tengir meðal annars hluta íbúabyggðar, skóla og íþróttamannvirki við ströndina. Á stórum hluta strandlengjunnar er bratt niður í strandir. Náttúru og dýralíf er mikið og fjölbreytt í og við strandsvæði Kjalarness og má þar nefna fjölbreyttar bergtegundir. Landslag á Kjalarnesi er síbreytilegt og í mótun vegna veðurs og ágangs sjávar.

## Núverandi notkun

Vegna mikillar nálægðar skóla, leikskóla og frístundar er ströndin og strandsvæðið mikið notað af skólabörnum; reglulegar strandferðir til fræðslu tengjast skólafarfinu. Nær daglega fara börn Klébergsskóla í sjávargöngu sína, þar sem þau ganga útivistarstíginn fyrir ofan ströndina.

Á Klébergi er dvalarsvæði sem nýtist íbúum og gestum. Sjóböð eru stunduð á Kjalarnesi og er aðstaða fyrir sjóbaðsfólk fyrir neðan skólasvæði en þar er torfært að fara í sjóinn. Sunnanmegin við skólphreinsistöð hefur verið sá staður sem fólk stundar sjóböð mest en þar er gott aðgengi í hafið en nálægð við skólphreinsistöð getur þó haft veruleg áhrif á notkunarmöguleikana.

## Kostir

Náttúrulegar og að mestu óraskaðar vogskornar strendur. Mikil náttúruupplifun og sterk tenging við hafið með nokkuð góðu aðgengi. Mikið fræðslugildi tengt náttúru, minjum og sögu.

## Gallar

Ágangur veðurs og sjávar sem breytir landslagi og heftir verulegri uppbyggingu á svæðinu. Lélegur og fremur stuttur útivistarstígur.

## Tækifæri


Mikil tækifæri eru til haftengdrar upplifunar og útivistar á Kjalarnesi. Mikilvægt er að skapa betra aðgengi allra á svæðinu með bættri og aukinni stígagerð og vinna að framlengingu útivistarstígs meðfram strandlengjunni til vesturs til að skapa aukna möguleika íbúa og gesta til útivistar. Við sjóbaðsaðstöðu er mikilvægt að skapa betra aðgengi niður í fjöru meðal annars með tröppu eða rampi sem getur þá nýst skólabörnum fyrir fræðsluferðir.

Aðstaða fyrir sjóbaðsnotendur er betri sunnan við skólphreinsistöð eða fyrir neðan fólkvang, þar sem aðgengi í hafið er gott, en vinna þyrfti með Heilbrigðis-eftirliti Reykjavíkur varðandi uppbyggingu þar. Á svæðinu er einnig tilvalin aðstaða til að auka fræðslu með skiltum um náttúru, minjar, sögu og dýralíf. Íbúar hafa hugmyndir um uppsetningu á tímabundinni flotbyggju yfir sumar mánuðina, þá myndi skapast aðstaða fyrir smábáta og siglingar frá Kjalarnesi.

- » Tröppu eða rampa niður í fjöru fyrir neðan skólasvæði
- » Bætt aðgengi allra með lagfæringu núverandi stígakerfis
- » Efla og auka stígakerfi meðfram ströndinni í samráði við lóðarhafa
- » Aðstaða fyrir sjóböð fyrir neðan Fólkvang
- » Tímabundin flotbyggja fyrir siglingar
- » Fræðsluskilti







Reykjavík, maí 2023

## Minnisblað starfshóps um haftengda upplifun og útivist við hafnarsvæði Faxaflóahafna

Á undanförunum mánuðum hefur starfshópur á vegum Reykjavíkurborgar greint tækifæri til haftengdrar upplifunar og útivistar í Reykjavík. Eftir meðal annars samtal og samráð við mikilvæga hagaðila er skýrslan nú að taka á sig lokamynd. Í samráði við Faxaflóahafnir sf. var tekin ákvörðun um að hinkra með hafnarsvæðið þar sem verið væri að vinna að þróunaráætlun fyrir svæðið. Starfshópur hefur þó með vinnu sinni að greiningum á tækifærum haft hafnarsvæðið í huga enda mikilvægt að horfa á alla strandlengju Reykjavíkur sem eina heild.

Fyrrgreind skýrsla starfshóps er lifandi skjal, með áframhaldandi uppbyggingu og skipulagi stranda og hafna á næstu árum er nauðsynlegt að haftengd tækifæri verði órjúfanlegur partur af skipulagi til að hér skapist spennandi umhverfi fyrir ólíka einstaklinga.

Starfshópur telur mikilvæg tækifæri liggja til aukinnar uppbyggingar á haftengdri upplifun og útivist við hafnarsvæði Faxaflóahafna. Slík aðstaða og upplifun getur eflt efnahagslega, félagslega og umhverfislega sjálfbærni á svæðinu. Menningin og sagan geta þar spilað stórt hlutverk en spennandi nýjungar geta auk þess skapað sterka og öfluga nýja sögu og komið borginni á sama kort og aðrar hafnarborgir sem hafa eflt ásýnd sína og notkun strand- og hafnarsvæða. Ítarleg greining var ekki gerð á svæðinu fyrir utan gerlarannsóknir norðan við Hörpu en með vettvangsferðum og við vinnu skýrslunnar komu eftirfarandi hugmyndir upp. Það er von starfshóps að minnisblað þetta geti opnað á hugmyndir og tækifæri til haftengdrar upplifunar við gerð þróunaráætlunar Faxaflóahafna.





### Hafnarsvæði norðan við Hörpu

Niðurstöður gerlarannsóknna Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur heimila sjóböð norðan Hörpu sunnan við flotbryggjur.

- Bryggjuböð, heitir pottar með útsýni yfir haf og fjöll.
- Bætt aðstaða á höfn fyrir sportbátæigendur, m.a. aðstaða til að taka á móti erlendum siglingagestum.
- Fljótandi gufubað.
- Fljótandi kaffihús/gróðurhús, sem getur skapað stórkostlega upplifun.
- Upplýsingaskilti, sem segir frá arkitektúr Hörpu.
- Risaróla sem rólur í áttina að hafi.



### Bryggjugata


- Leggja af allan óparfa akstur og afmá bílastæði innan svæðisins.
- Auka verulega gróður á svæðinu og skapa aðstöðu fyrir vegfarendur til að staldra við og upplifa starfseminu í kringum skipin í höfninni.





### Miðbakkinn


- Efla torg enn frekar, skapa dvalarsvæði og innleiða gróður og götutré.
- Tækifæri til aðstöðu fyrir lítil þjónusturými/torgsölu og markaði.
- Aðstaða fyrir Parísarhjól Reykjavíkur á sumrin.



### Gamla höfnin - Suðurbugt og Steinhúsvör

- „Hafnarpromenad“, göngu- og dvalarpallur meðfram bryggju sem eykur aðgengi allra og skapar góðar aðstæður til félagslegra samskipta, íhugunar og hvíldar.
- Losa bílastæði og mynda gott og gróðursælt torgsvæði sem tengist „hafnarpromenad“ palli. Miklir möguleikar á t.d. auknu útiveitingasvæði rekstraraðila á svæðinu.
- Fljótandi gróðureyjur.
- Fljótandi kaffihús.





## Grandinn

Starfshópi er ekki kunnugt um framtíðar skipulagsmál Faxaflóahafna en telja mikil tækifæri og rekstrargrundvöll liggja í öflugri haftengdri upplifun á svæðinu, þá sérstaklega við Vesturgranda.

- Veitingahús opið að hafi, óskert útsýni.
- Sundlaug/Spa opið að hafi, óskert útsýni.
- Bæta aðgengi allra meðfram strandlengjunni.
- Göngu- og hjólastígur sem tengist stofnstíg borgarinnar.



## Landfylling við Klettagarða

- Framlenging útivistarsvæðis
- Uppbygging gróðurs og grænnar ásýndar
- Fjölskyldu upplifunargarður- Náttúrugarður





- Safn eða önnur menningarstarfsemi










# Haftengd upplifun og útvíst


Skýrsla starfshóps 2023





# Erindisbréf

- Starfshópi var falið að skilgreina tækifæri borgarinnar til aukinnar uppbyggingar á haftengdri upplifun og útvist við strandlengjuna í Reykjavík, meðal annars í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur, Græna planið, Meirihlutasáttmála 2022-2026 og Lýðheilsustefnu Reykjavíkur.
- Verkefnið fólst í að greina og kortleggja svæði sem henta fyrir ýmiss konar haftengda upplifun, hvort sem um er að ræða gufuböð, heit böð, sjósund, sjósport eða annars konar upplifun við hafið og strandlengju Reykjavíkur.








# Samráð


Víðtækt samráð við hagaðila m.a. íbúaráð, uppbyggingaraðila, fólk sem stundar hafið og siglingaklúbba.





## Verkferill

- Reglulegir stöðu- vinnu- og samráðsfundir
- Samráð
- Vettvangsferðir
- Kortlagning svæða
- Umhverfisgreiningar
- Gerlarannsóknir Heilbrigðiseftirlits
- Erlendar fyriryndir, haftengd sambönd og fyrirtæki





# SVÆÐIN

1. Nauthólsvík
2. Nýi Skerjafjörður
3. Ægisíða
4. Laugarnes
5. Bryggjuhverfi vestur
6. Bryggjuhverfi við Grafarvog
7. Gufunes
8. Eiðsvík
9. Gorvík og Blikastaðakró
10. Víðey
11. Kjalarnes






# Tækifæri

- Gríðarleg tækifæri til aukinnar haftengdrar upplifunar og útivistar í Reykjavík.
- Mjög mikilvægt að hvers konar aðstaða, upplifun og útivist verði hluti af framtíðar skipulagi sem mynda órjúfanlegan part á milli haftengdrar útivistar, upplifana og uppbyggingar.

En hvaða tækifæri standa uppúr sem geta eftir félagslega, efnahagslega og/eða umhverfislega sjálfbærni?







FUGLASKOÐUN

AUKIN REKSTRARTÆKIFÆRI VIÐ STRANDLENGJUNA

## FLJÓTANDI GUFUBÖÐ

BÆTT AÐGENGI ALLRA

AUKIN DVALARVÆÐI

BÆTT AÐSTAÐA FYRIR SIGLINGAKLÚBBA

hreinsun stranda

BÆTT HEILDARSKIPULAG SVÆÐA/  
FRAMTÍÐARSÝN

hugleiðsla


FLOTBYGGÐ

MEIRI AÐSTAÐA FYRIR LEIK

AUKA Á FJÖLBREYTTLEIKA SVÆÐA FYRIR  
MISMUNANDI MARKHÓPA


**SJÁVARSUNDLAUG**

aðstaða fyrir kennslu og fræðslu




Gufa og sjósund í  
Bryggjuhverfi





Ró og næði á Laugarnesi





Fuglaáhugamenn í  
Blikastaðakró





Reykjavík

